



## Fræðslunefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

### Fundargerð.

50. fundur fræðslunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í fundarsal sveitarstjórnar, þriðjudaginn 15. desember 2015 kl. 8.30.

Fundinn sátu:

*Guðný Tómasdóttir formaður, fulltrúi sveitarstjórnar*

*Ása Valdís Árnadóttir, fulltrúi sveitarstjórnar*

*Pétur Thomsen, fulltrúi sveitarstjórnar*

*Sigmar Ólafsson, skólastjóri*

*Bjarni Þorkelsson, fulltrúi kennara*

*Hugrún Sigurðardóttir, fulltrúi foreldra*

*Jóna Björg Jónsdóttir, fulltrúi leikskóladeildar*

*Ingibjörg Harðardóttir, sveitarstjóri*

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ása Valdís Árnadóttir.

#### 1. Kynning frá skólastjóra.

*Sigmar sagði frá starfinu í skólanum síðustu vikur. Árshátíðin var haldin seinnipartinn í nóvember og tókst mjög vel. Haldnar voru jólastöðvar í síðustu viku þar sem að foreldrum var boðið að koma í skólann og taka þátt með nemendum. Farið var á Sólheima þar sem kveikt á jólatrénu. Mánudaginn 14. desember fór elsti árgangurinn í leikskólanum og 1.-4. bekk á Snæfoksstaði að velja jólatré. Litlu jólin eru framundan ásamt jólafríi. Verið er að vinna í samstarfi við Barnaskólann á Eyrabakka og Stokkseyri og Flóaskóla.*

#### 2. Kynning frá aðstoðarleikskólastjóra.

*Jóna Björg sagði frá starfinu í leikskólanum síðustu vikur. Haldið var foreldrakaffi núna í desember á vegum foreldrafélagsins. Jólastöðvar voru haldnar í leikskólanum á sama tíma og í skólanum í síðustu viku. Hundahópur fór með skólanum bæði á Sólheima og að sækja jólatré á Snæfoksstöðum.*

*Síðasti vinnufundur vegna leikskólahluta skólanámskrárinnar er áætlaður í dag, síðan tekur við vinna hjá Jónu Björgu að setja námskránnu saman.*

*Búið er að ráða tvo starfsmenn inn á leikskóladeildina, nýju starfsmennirnir byrja annars vegar 4. janúar og hins vegar 1. febrúar.*

#### 3. Skólastefna Grímsnes- og Grafningshrepps.

*Unnið var áfram að skólastefnunni og var ákveðið að halda sömu uppsetningu.*

*Jóna Björg ætlar að finna myndir.*



## Fræðslunefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

### 4. Önnur mál.

*Guðný sagði frá því að skólastjóri láti af störfum um áramót. Fræðslunefnd þakkar Sigmari fyrir gott starf og ánægjuleg samskipti.*

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið klukkan 10:00